



Stutt ágríp um nokkra bæjarfulltrúa og embætti þeirra

Bjarni Benediktsson – Stutt ágríp um nokkra bæjarfulltrúa og embætti þeirra

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Ásbjörnsson.

Hann er kosinn í bæjarstjórn 31. jan. 1918 og hefir verið kjörinn bæjarfulltrúi óslitið síðan, eða í 22 ár og fulla 7 mánuði. Kosinn varaforseti 7. febr. 1924.

Forseti 4. febr. 1926 og óslitið síðan.- Hann hefir verið forseti bæjarstjórnarinnar lengst allra manna.

Í bæjarstjórn hefir hann setið lengst allra núlifandi manna sem kjörinn fulltrúi. (Knud Zimsen sat í bæjarstjórn í 25 ár, 24/1.1908-3/12. 1932, en var ekki kjörinn fulltrúi nema til 1916).

Af eldri bæjarfulltrúum hefir Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari setið í bæjarstjórn í 34 ár alls, þar af í 27 ár óslitið (1854 - 1861 og 1873 - 1899).

Guðmundur Þórðarson á Hól er kosinn í bæjarstjórn 12. jan. 1860 og situr til 4. jan. 1866. Er kosinn aftur 1873, í janúar, og mun þá hafa verið kosinn til 6 ára, en kjörbækur eru ekki finnanlegar fyrir árinu 1877-1890. Í árslok 1890 er hann í bæjarstjórn og er endurkosinn í janúar 1891 og á þar sæti til 5. jan. 1897.

Verður því aðætla, að hann hafi setið í bæjarstjórn fjögur 6 ára kjörtímabil eða alls í 24 ár.

Aðrir eldri bæjarfulltrúar hafa setið skemur.- Næstur er Halldór Jónsson bankagjaldkeri, sem var í bæjarstjórn óslitið í 22 ár (8/11. 1892-26/1. 1914).

MB. Þessa bókun er hjá Georg Ólafssyni
Baldur er að gera röttafami til at aðá þeim.